

**Mál nr. 152/2023**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Heiti váttryggingartaka (X)**

### **Skaðabótaábyrgð. Verktakar.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 27. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. maí 2023, ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 12. október 2018 hlotið líkamstjón er hann datt ofan í skurð á óafgirtu og óupplýstu vinnusvæði X. Var M ásamt vini sínum að stytta sér leið yfir svæðið eftir að hafa farið of snemma út úr strætó. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Með bréfi dags. 22. júní 2022 hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ósannað væri að slysið hafi átt sér stað á framkvæmdasvæði X og að ekki hafi verið sýnt fram á að slys M hafi verið rakið til ónógra öryggisráðstafana. Þeirri afstöðu V mótmælir M og telur hana ranga. Byggir M á því að slysið megi fyrst og fremst rekja til þess að X hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum með stoð í lögnum með saknæmum og hættulegum aðstæðum á vinnusvæðinu. Þannig hafi X borið skylda til að afmarka byggingarsvæðið með girðingu sbr. reglur nr. 546/1996. Vinnusvæðið hafi hvorki verið afgirt, upplýst né merkt neinum viðvörðunarskiltum og var því veruleg hættu á ferðinni fyrir þá sem gengu þar um, þá sérstaklega í myrkri, líkt og í tilvikinu M. Fyrir liggja tölvupóstskipti milli X og starfsmanns á umhverfissviði sveitarfélagsins þar sem ítrekuð er skylda X til að setja upp öryggisgirðingu áður en framkvæmdir áttu að hefjast. Fyrir liggja myndir af vinnusvæðinu sem teknar voru daginn eftir að slysið átti sér stað ásamt götukorti af ja.is sama dag sem sýnir greinilega að ekki var búið að girða svæðið af. Myndirnar sýna einnig að engin lýsing var á svæðinu eða merkingar. Þá liggur fyrir vitnisframburður vinar M. Vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4811/2010 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 415/2015 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ekki þyki sýnt fram á að slysið þann 12. október 2018 hafi gerst á þeim stað sem M kveðst hafa dottið ásamt því að ósannað sé að slysið verði rakið til sakar af hálfu X sem fékk ekki vitneskju um slysið fyrir en þann 24. mars 2022 þegar liðin voru tæp fjögur ár frá slysi. Ekki sé að finna nein samtímagögn vegna slyssins fyrir utan samskiptaseðil heilsugæslu þar sem segir: „15 ára kk sem misstígur sig í gær. Stígur í holu.“ Myndir sem fylgdu málskoti eru ódagsettar og því með öllu óljóst hvenær þær eru teknar. Á þeim tíma sem slysið varð var ekki búið að grafa skurði, heldur aðeins framkvæmdir við sökkla á púða. Af þeim sökum var ekki búið að girða svæðið af en enga djúpa skurði var að finna með bröttum hlíðum.

**Álit.**

Afar takmörkuð gögn liggja fyrir nefndinni og engin samtímagögn fyrir utan samskiptaseðil heilsugæslu dags. 13. október 2018 þar sem fram kemur að M hafi misstigið sig daginn áður, stigið í holu. Myndir þær sem liggja fyrir í málinu eru ódagsettar auk þess sem engin sönnun liggur fyrir á því hvar M slasaðist á leið sinni úr strætó og hvort það hafi verið á vinnusvæði X. Tölvupóstskipti milli sveitarfélagsins og starfsmanna X um skyldu til þess að setja upp öryggisgirðingu áður en framkvæmdir áttu að hefjast teljast ekki sönnun á aðstæðum á vettvangi á slyssdegi né að M hafi hlotið líkamstjón á framkvæmdasvæði X. Í málskoti vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-4811/2020 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 415/2015. Ekki verður talið að málsatvik í þeim málum séu sambærileg enda kom lögregla á vettvangi í fyrra málinu og framkvæmdri rannsókn og í því síðara var slysið tilkynnt daginn eftir til starfsmanns Reykjavíkurborgar sem skráði kvörtun um ástand vinnusvæðisins. Engin slík samtímagögn liggja fyrir í því máli sem hér um ræðir. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hann ekki hafa lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að líkamstjón hans megi rekja til saknæms frágangs og hættulegra aðstæðna á vinnusvæði X, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður því að leggja á M sem á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 20. júní 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir